

# STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 1991

---

---

Nr. 2

2

25. janúar 1991

## AUGLÝSING

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda. Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið 25. janúar 1991.*

**Helga Jónsdóttir.**

Nr. 3

31. janúar 1991

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 31. janúar 1991.*

F. h. r.

**Guðmundur Benediktsson.**

Nr. 4

4. febrúar 1991

## LÖG

**um launamál.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög þessi taka til þeirra kjarasamninga sem samkvæmt ákvæðum sínum eru í gildi við gildistöku laganna. Lögin taka hins vegar ekki til þeirra kjarasamninga sem þá eru lausir.

2. gr.

Frá 1. september 1990 til 15. september 1991, sbr. þó 5. mgr., skulu laun, þ.e. launataxtar og launatengdir liðir þ. á m. kauptrygging sjómanna, samkvæmt þeim kjarasamningum, sem lög þessi taka til, breytast frá því sem þau voru 30. júní 1990, sem hér segir:

1. Hinn 1. desember 1990 skulu láun hækka um 2,0%.
2. Hinn 1. mars 1991 skulu launa hækka um 2,5%.
3. Hinn 1. júní 1991 skulu laun hækka um 2,0%.